

Sviðsstjóri skipulag- og umhverfissviðs
Akraneskaupstaður
Stílholti 16-18
300 Akranes



Reykjavík 3. mars 2017
UST201701-309/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Akraness 2005 - 2017, tillaga að breytingu á sementsreit

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005 – 2017.

Skipulagssvæðið


Ofangreind tillaga að breytingu á aðalskipulagi felur í sér að í stað sementsverksmiðjubygginga er áætluð íbúðabyggð og nýtt miðsvæði. Einnig er hverfisverndarsvæði Hv-4 sem nær yfir Langasand og Sólmundarhöfða minnkað og áætluð landfylling austan bryggjunnar er minnkuð. Einnig er landfylling við Sementsbryggju minnkuð en sjóvarnargarður meðfram Faxabraut er breikkaður og hækkaður.


Náttúruminjasvæði

Hverfisverndarsvæðið Langisandur, Sólmundarhöfði er 18 ha að stærð. Í lýsingu kemur fram að skerða eigi hverfisverndarsvæðið vegna hækkunar og breikkunar sjóvarnargarðs meðfram Faxabraut. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í breytingartillögunni komi fram hve mikið á að minnka hverfisverndarsvæðið á Langasandi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur